

---

## Landfylling í Elliðaárvogi, Reykjavík

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1. INNGANGUR

##### 1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 30. júní 2015 sendi Mannvit hf. fyrir hönd Reykjavíkurborgar, Skipulagsstofnun tillögu að matsáætlun um landfyllingar í Elliðaárvogi, Reykjavík.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Faxaflóahöfnum, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Samgöngustofu, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

##### 1.2 Gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar

**Tillaga að matsáætlun.** Reykjavíkurborg. Landfylling í Elliðaárvogi, Reykjavík. Mannvit. Júní 2015.

**Umsagnir** bárust frá:

- Faxaflóahöfnum með bréfi dags 9. júlí 2015,
- Fiskistofu með bréfi dags. 27. júlí 2015,
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 17. júlí 2015,
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 15. júlí 2015,
- Orkuveitu Reykjavíkur með bréfi dags. 14. júlí 2015,
- Samgöngustofu með bréfi dags. 24. ágúst 2015,
- Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur með tölvupósti dags. 27. ágúst 2015,
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 8. júlí 2015.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvubréfi dags. 1. september 2015.

#### 2. NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Mannvit hf. setti fram í tölvubréfi dags. 1. september 2015 og með eftirfarandi athugasemdum.

- Í frummatsskýrslu verður að greina frá uppruna efnis sem ráðgert er að nota í landfyllinguna. Jafnframt þarf að koma fram hvernig það verði flutt og gera þarf grein fyrir afleiddum áhrifum flutninganna.
- Í ljósi þess að fyrirhugað er að byggja landfyllinguna upp jafnt og þétt út frá landi en ekki loka hana af með grjótvörn er nauðsynlegt að gera grein fyrir gruggmyndun á framkvæmdatíma og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna hennar.



- 
- Í frummatsskýrslu verður að greina frá þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst beita til að lágmarka neikvæð áhrif á fiskgengd og veiði í Elliðaám. Bæði með tilhögun framkvæmda sem og tímasetningu þeirra.
  - Í frummatsskýrslu skal skilmerkilega gera grein fyrir því hvernig straumar breytast í Elliðaárvogi með tilkomu fyrirhugaðrar landfyllingar. Bæði með hliðsjón af setflutningum og -söfnun sem og áhrifum á farleiðum fiska.
  - Í tillögu að matsáætlun er ekki minnst á fugla. Í frummatsskýrslu þarf að greina frá fuglalífi á svæðinu og áhrifum framkvæmdanna á fugla, bæði á framkvæmdatíma og varanlegum áhrifum með tilkomu landfyllingarinnar.

Skipulagsstofnun telur að þær athuganir/rannsóknir sem ráðist var í og lagðar eru til grundvallar mati á umhverfisáhrifum á hina mismunandi umhverfisþætti þurfi eftir atvikum að fylgja frummatsskýrslu í viðauka.

Reykjavík, 10. september 2015

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Reykjavíkurborg, Faxaflóahöfnum, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun, Minjastofnun Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Samgöngustofu, Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur og Umhverfisstofnun.